

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag, Torfur, Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 28. mars 2019 deiliskipulag fyrir svínabú í landi Torfa skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er 15 ha spilda sunnan Finnastaðarár sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til byggingar tveggja gripahúsa samtals u.þ.b. 5.700 m<sup>2</sup> að stærð, auk tilheyrandi fódursílóa, hauggeymslu og starfsmannahúss. Ráðgert er að á hverjum tíma verði fjöldi grísa í eldi 2.400 og fjöldi gylta 400. Framkvæmdin fellur undir lið 1.10 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 12. mars 2019 um að framkvæmdin skuli ekki undirgangast umhverfismat.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 8. maí 2019.*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2019